



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - nóvember 2014

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu 11 mánuði ársins 2014 liggur nú fyrir en í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Nokkur munur er á greiðsluuppgjöri annars vegar og uppgjöri á rekstrargrunni eins og Ríkisreikningur er gerður eftir hins vegar. Hann felst einkum í því að í greiðsluuppgjöri er ekki tekið tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu bæði á tekju- og gjaldahlið sem hafa ekki haft áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 44,6 ma.kr. en var neikvætt um 26,3 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 87,2,8 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 21,5 ma.kr.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - nóvember 2014 (m.kr.) (tölur á verðlagi hvers árs)**

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	411.780	399.408	442.559	480.966	568.203
Greidd gjöld	471.321	471.694	490.637	512.967	534.432
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-59.541</b>	<b>-72.286</b>	<b>-48.078</b>	<b>-32.001</b>	<b>33.771</b>
Viðskiptahreyfingar	-13.116	2.136	-3.004	5.727	10.831
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-72.657</b>	<b>-70.150</b>	<b>-51.082</b>	<b>-26.274</b>	<b>44.602</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>10.459</b>	<b>65.863</b>	<b>-29.243</b>	<b>-20.999</b>	<b>-21.755</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-62.198</b>	<b>-4.287</b>	<b>-80.325</b>	<b>-47.494</b>	<b>22.847</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-149.930</b>	<b>-176.387</b>	<b>-210.752</b>	<b>-92.581</b>	<b>-141.539</b>
Innanlands	-81.865	-88.840	-53.220	-87.684	-31.136
Erlendis	-68.065	-87.547	-157.532	-4.897	-110.403
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-212.128</b>	<b>-180.674</b>	<b>-291.752</b>	<b>-139.854</b>	<b>-118.692</b>
<b>Lántökur</b>	<b>322.979</b>	<b>276.978</b>	<b>226.567</b>	<b>82.712</b>	<b>183.045</b>
Innanlands	194.421	150.388	91.940	82.712	66.607
Erlendis	128.557	126.590	134.627	0	116.438
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>110.851</b>	<b>96.304</b>	<b>-64.510</b>	<b>-57.142</b>	<b>64.353</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs jukust um 18,1% á milli ára og námu 568,2 ma.kr. á fyrstu 11 mánuðum ársins. Jákvætt frávik frá áætlun fjárlaga 2014 nemur 58,2 ma.kr. eða 11,4%. Af innheimtum tekjum námu skatttekjur og tryggingagjöld samtals 504,1 ma.kr. sem er 17,2% meira en fyrir ári síðan og 41,4 ma.kr. eða 9% yfir áætlun. Frávik annarra tekna umfram áætlun stafar af viðbótararðgreiðslum.

Innheimta tekjuskatts einstaklinga á tímabilinu er 7,3 ma.kr. eða 7,5% yfir áætlun og nam 105,6 ma.kr. sem er 7,7% aukning frá árinu 2013. Á sama tímabili nam innheimta tekjuskatts lögaðila 52,8 ma.kr. sem er 23,7 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Tekjur nóvembermánaðar af tekjuskatti lögaðila námu 22,4 ma.kr, en þar af nam sérstakur fjársýsluskattur, sem nú var lagður á í annað sinn samtals 11,7 ma.kr. sem var verulega umfram áætlun fjárlaga 2014.



Skattur á fjármagnstekjur nam samtals 31,7 ma.kr. Fjármagnstekjuskattur greiddur af öðrum en ríkissjóði nam 25,1 ma.kr sem er 5,9 ma.kr. yfir áætlun. Sá hluti sem greiddur er af ríkissjóði, 6,6 ma.kr., hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs því hann færir bæði á tekju- og gjaldahlið.

**Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember 2012-2014**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>407.856</b>	<b>430.105</b>	<b>504.125</b>	<b>9,7</b>	<b>5,5</b>	<b>17,2</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>135.850</b>	<b>147.562</b>	<b>190.100</b>	<b>10,5</b>	<b>8,6</b>	<b>28,8</b>
Tekjuskattur einstaklinga	91.111	98.081	105.616	10,7	7,7	7,7
Tekjuskattur lögaðila	28.056	28.692	52.782	68,9	2,3	84,0
Skattur á fjármagnstekjur	16.683	20.789	31.702	-30,5	24,6	52,5
<b>Eignarskattar</b>	<b>12.754</b>	<b>12.968</b>	<b>14.037</b>	<b>49,5</b>	<b>1,7</b>	<b>8,2</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>179.731</b>	<b>187.749</b>	<b>198.571</b>	<b>9,0</b>	<b>4,5</b>	<b>5,8</b>
Virðisaukaskattur	116.689	122.768	132.401	9,3	5,2	7,8
Vörugjöld af ökutækjum	3.835	4.122	4.573	59,8	7,5	10,9
Vörugjöld af bensíni	10.949	10.757	10.913	-0,5	-1,8	1,5
Skattar á olíu	6.311	6.533	6.862	6,0	3,5	5,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	14.861	15.643	16.522	6,6	5,3	5,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	27.086	27.926	27.300	9,6	3,1	-2,2
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>6.606</b>	<b>4.722</b>	<b>5.214</b>	<b>7,7</b>	<b>-28,5</b>	<b>10,4</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>13.427</b>	<b>15.055</b>	<b>30.263</b>	<b>44,8</b>	<b>12,1</b>	<b>101,0</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>59.488</b>	<b>62.052</b>	<b>65.941</b>	<b>-1,0</b>	<b>4,3</b>	<b>6,3</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>749</b>	<b>293</b>	<b>270</b>	<b>2,1</b>	<b>-60,9</b>	<b>-7,8</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>32.564</b>	<b>49.884</b>	<b>62.397</b>	<b>25,2</b>	<b>53,2</b>	<b>25,1</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>1.390</b>	<b>684</b>	<b>1.412</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>442.559</b>	<b>480.966</b>	<b>568.203</b>	<b>10,9</b>	<b>8,7</b>	<b>18,1</b>

Tekjur af eignarsköttum eru 0,7 ma.kr. eða 5,3% yfir áætlun og námu 14,0 ma.kr. sem er 8,2% aukning á milli ára. Innheimta auðlegðarskatts jókst um tæplega 24% á milli ára og nam 8,7 ma.kr. sem er 1,4 ma.kr. yfir áætlun tímabilsins. Á móti vega minni tekjur af stimpilgjaldi en þær námu 3,1 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun og samdráttur upp á 14% á milli ára. Erfðafjárskattur skilaði 1,9 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun og aukning um 1,8% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 5,8% á milli ára og námu samtals 198,6 ma.kr. sem er á áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, er 0,9 ma.kr. yfir áætlun og nam 132,4 ma.kr. sem er aukning um 7,8% á milli ára.

Almenn vörugjöld eru 0,5 ma.kr. undir áætlun fyrir tímabilið og námu 5,3 ma.kr. sem er aukning um 3,2% frá sama tíma í fyrra. Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum jukust um 10,9% á milli ára og námu 4,6 ma.kr. sem er á áætlun. Vörugjöld af bensíni eru 2,5% undir áætlun og námu 10,9 ma.kr. sem er 1,5% aukning á milli ára. Tekjur af olíugjaldi námu 6,9 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 5% frá því í fyrra og 0,5 ma.kr. eða 7,1% yfir áætlun fjárlaga. Kolefnisgjaldið er 5,1% undir áætlun og nam 2,9 ma.kr. sem er aukning um 4% milli ára. Innheimta bifreiðagjalds stendur í 6,5 ma.kr. eftir 11 mánuði sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun.



Tekjur af áfengisgjaldi námu 11,0 ma.kr. sem er 2,4% yfir áætlun og 7,3% aukning frá því í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 2,3% á milli ára og námu 5,5 ma.kr. sem er rétt yfir áætlun. Sala áfengis tímabilið janúar-nóvember, mælt í vínanda allra tegunda samanlagt, jókst um 2,3% á milli ára. Á sama tímabili jókst sala á sigarettum (vindlingum) að magninu til um 1,2% frá því í fyrra.

Tollar og aðflutningsgjöld eru 1,4 ma.kr. yfir áætlun og námu 5,2 ma.kr. á fyrstu 11 mánuðum ársins en það er aukning um 10,4% á milli ára. Áhrif af fríverslunarsamningnum við Kína, sem tók gildi nú í sumar, virðast skila sér hægar en gert hafði verið ráð fyrir.

Tekjur af tryggingagjöldum eru 6,3% hærri á umræddu tímabili í ár en í fyrra og námu 65,9 ma.kr. sem er 1,6 ma.kr. eða 2,5% yfir áætlun. Sú viðbót er í takti við öflugri vinnumarkað á þessu ári en reiknað hafði verið með í þjóðhagsspá við samþykkt fjárlaga 2014 í lok desember 2013. Almenna tryggingagjaldið nam 44,2 ma.kr. og atvinnutryggingagjaldið nam 15,0 ma.kr.

Aðrir skattar námu 30,3 ma.kr. en það er 0,7 ma.kr. minna en áætlað hafði verið. Þar af nam gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1,8 ma.kr. og útvarpsgjald 3,9 ma.kr. Sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki, öðru nafni bankaskattur, nam 17,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,1 ma.kr. undir áætlun. Skattar á launagreiðslur og vinnuafll, sem einnig flokkast undir liðinn aðrir skattar, námu 6,3 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. yfir áætlun. Innheimta fjársýsluskatts nam 2,9 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. meira en áætlað hafði verið.

Aðrar tekjur en skatttekjur og tryggingagjöld námu 62,4 ma.kr. sem er 16,6 ma.kr. yfir áætlun og aukning um rúmlega 25% á milli ára. Arðgreiðslur eru samtals tæpum 20 ma.kr. yfir áætlun en það frávik skýrist af 19,7 ma.kr. arðgreiðslu frá Landsbankanum sem greidd var í mars á þessu ári sem ekki var reiknað með í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2014. Aðrir liðir í þessum flokki, svo sem vaxtatekjur og veiðigjald hafa aftur á móti skilað minni tekjum en áætlað var. Vaxtatekjur námu 12,9 ma.kr. sem er 2,9 ma.kr. undir áætlun og veiðigjaldið skilaði 8,8 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. undir áætlun.

**Greidd gjöld** námu 534,4 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 21,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 4,2% sem er heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára eins og sést í meðfylgjandi töflu.

**Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-nóvember 2012-2014**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári	
	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	70.376	70.524	72.023	0,2	2,1
Almenn opinber þjónusta	43.207	45.881	46.121	6,2	0,5
Almannatryggingar og velferðarmál	123.001	123.760	124.401	0,6	0,5
Heilbrigðismál	108.503	116.565	125.314	7,4	7,5
Efnahags- og atvinnumál	49.728	52.855	57.469	6,3	8,7
Menntamál	45.092	47.388	48.764	5,1	2,9
Menningar, íþróttar og trúmál	14.706	16.052	16.267	9,2	1,3
Lög- og réttargæsla	19.314	19.729	20.633	2,1	4,6
Önnur útgjöld	16.709	20.213	23.441	21,0	16,0
<b>Gjöld alls</b>	<b>490.637</b>	<b>512.967</b>	<b>534.433</b>	<b>4,6</b>	<b>4,2</b>



Þróun málaflokkanna eru svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við þann hluta fjárheimilda ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum hluta ársins.

### Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar - nóvember 2013-2014

	2014	2013	% breyt.
<i>Æðsta stjórnssýsla og löggjafarvald</i>	3.605	3.509	2,7
<i>Fjármálastjórnssýsla ríkisins</i>	9.472	8.774	8,0
<i>Utanríkismál</i>	10.298	10.173	1,2
<i>Önnur almenn opinber þjónusta</i>	7.456	8.241	-9,5
<i>Fjármagnskostnaður</i>	72.023	70.524	2,1
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	15.290	15.184	0,7
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>118.144</b>	<b>116.405</b>	<b>1,5</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>20.633</b>	<b>19.729</b>	<b>4,6</b>
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	5.833	5.507	5,9
<i>Landbúnaðarmál</i>	12.780	12.914	-1,0
<i>Samgöngumál</i>	23.688	21.040	12,6
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	4.431	4.350	1,9
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	10.737	9.043	18,7
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>57.469</b>	<b>52.855</b>	<b>8,7</b>
<i>Lyf og lækningavörur</i>	16.748	16.450	1,8
<i>Heilsugæsla</i>	25.982	23.645	9,9
<i>Sjúkrahúspjónusta</i>	53.575	49.865	7,4
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	25.134	22.804	10,2
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnssýsla</i>	3.874	3.801	1,9
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>125.314</b>	<b>116.565</b>	<b>7,5</b>
<i>Menningarmál</i>	7.427	7.586	-2,1
<i>Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál</i>	8.840	8.466	4,4
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>16.267</b>	<b>16.052</b>	<b>1,3</b>
<i>Framhaldsskólastig</i>	19.514	18.785	3,9
<i>Háskólastig</i>	25.157	24.586	2,3
<i>Önnur menntamál</i>	4.093	4.017	1,9
<b>Menntamál</b>	<b>48.764</b>	<b>47.388</b>	<b>2,9</b>
<i>Örorka og fötlun</i>	31.164	31.295	-0,4
<i>Öldrun</i>	42.481	38.015	11,7
<i>Fjölskyldur og börn</i>	21.867	22.434	-2,5
<i>Atvinnuleysi</i>	13.202	16.198	-18,5
<i>Vaxtabætur</i>	8.445	8.956	-5,7
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	7.241	6.861	5,5
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>124.401</b>	<b>123.760</b>	<b>0,5</b>
<i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	10.016	9.303	7,7
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	6.556	4.276	53,3
<i>Annað</i>	6.870	6.635	3,5
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>23.441</b>	<b>20.213</b>	<b>16,0</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>534.432</b>	<b>512.967</b>	<b>4,2</b>



Útgjöld vegna almennrar þjónustu námu samtals 118,1 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins samanborið við 116,4 ma.kr. á síðasta ári sem er lítillega meira en gert hafði verið ráð fyrir. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða um 61%, en hann nam um 72 ma.kr. á tímabilinu og jókst lítillega milli ára og var jafnframt meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 10,3 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 2,7 ma.kr., útgjöld vegna alþjóðastofnana 2,1 ma.kr., útgjöld vegna alþjóðlegra samskipta 1,2 ma.kr. og útgjöld þróunarsamvinnustofnunar 1,3 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 15,3 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnarsýslu ríkisins voru lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og námu 9,5 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld Ríkisskattstjóra sem námu 2,5 ma.kr., útgjöld Tollstjóra sem námu 2,3 ma.kr. og útgjöld Fjárþýslu ríkisins sem námu 1,5 ma.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu 11,1 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu 20,6 ma.kr. og jukust um 4,6% á milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaþættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 3,5 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,9 ma.kr. og drógust saman milli ára. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,5 ma.kr. á tímabilinu, útgjöld sýslumannsembætta 3,3 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 1,3 ma.kr., útgjöld Fangelismálastofnunar 1,3 ma.kr. og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 994 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 4,6 ma.kr. á milli ára og námu 57,5 ma.kr. á þessum fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er nokkuð minna en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 23,7 ma.kr. samanborið við rúma 21 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld vegna þeirra námu 20,1 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 12,8 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframléiðslu sem námu 10,3 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 5,8 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu 1,6 ma. kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu 4,4 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknarstofnunar upp á 1,3 ma.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna voru 530 m.kr., útgjöld Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands námu 666 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs 905 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 10,7 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 1,1 ma.kr., niðurgreiðslur á húshitun 1,2 ma.kr., styrkir til nýsköpunarfyrirtækja 1,2 ma.kr. útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 923 m.kr. og útgjöld Fiskistofu 772 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 125,3 ma.kr. og jukust um 8,7 ma.kr. milli ára. sem er jafnframt 4,8 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 16,7 ma.kr. samanborið við 16,5 ma.kr. 2013 sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæslu námu tæpum 26 ma.kr. samanborið við 23,6 ma.kr. 2013. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 12,2 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 4,5 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 53,6 ma.kr. samanborið við



49,9 ma.kr. 2013 og voru töluvert umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 39,6 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu rúmum 5 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana rúmum 7 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 25,1 ma.kr. og jukust um 2,3 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnslu 3,9 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu útgjöld vegna sjúkratrygginga 31,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust um tæpa 2 ma.kr. milli ára og voru rúma 2 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu 16,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 7,4 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 816 m.kr., rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem nam 753 m.kr., framlög til lista sem námu 888 m.kr., útgjöld vegna Þjóðleikhússins sem námu 719 m.kr. og útgjöld vegna Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem námu 664 m.kr. Útgjöld vegna íþrótta, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 8,8 ma.kr. þar sem helstu útgjaldaþættir eru Ríkisútvarpið 3,1 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 4,8 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 48,8 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins og jukust lítillega milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 19,5 ma.kr. og jukust á milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu af lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 25,2 ma.kr. samanboreð við 24,6 ma.kr. á fyrra ári sem var svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 11,4 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,2 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 2,1 ma.kr. og Háskólans á Akureyri 1,4 ma.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 4,1 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 1,2 ma.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 124,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 31,2 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 26,2 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 42,5 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 34 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 5,9 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 21,9 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 9,8 ma.kr. og útgjöld vegna fæðingarorlofs upp á 8,1 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 13,2 ma.kr. samanboreð við 16,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára og meira en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,4 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 7,2 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 63,9 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 11,9 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 23,4 ma.kr. samanboreð við 20,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu rúmum 10 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og meira en gert hafði verið ráð fyrir. Greiddur



fjármagnstekjuskattur nam 6,6 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlið og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóð. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 5,1 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 998 m.kr. og útgjöld til húsnæðis-, skipulags- og veitumála 810 m.kr.

## Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 22,8 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 32,9 ma.kr. Brúttó var lánsfjárfjöfnuðurinn neikvæður um 118,7 ma.kr. en var neikvæður um 88,4 ma.kr. á sama tímabili 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 141,5 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 31,1 ma.kr. og af erlendum lánum 110,4 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu 178,1 ma.kr. þar sem innendar lántökur námu 66,6 og erlendar lántökur námu 116,4 ma.kr. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 64,4 ma.kr. á tímabilinu.

Ríkissjóður Íslands gekk frá samningum í júlí um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, eða jafnvirði um 116 ma.kr. Lánið var notað til að endurgreiða fyrirfram lán frá Norðurlöndunum sem tekin voru árið 2008 í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af AGS.